



Kennari	Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir	Sk.st.	RGU
----------------	-----------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er unnið með stærðfræði daglegs lífs með fjölbreyttum nálgunum. Stefnt er að því að vekja áhuga nemandans á stærðfræði, að hann fái jákvæða mynd af faginu, getu sinni til að leysa stærðfræðileg viðfangsefni og öðlist aukið sjálfstraust. Nemendur viðhalda og byggja ofan á þann grunn sem þeir hafa þegar tileinkað sér. Nemandinn fæst við útreikninga og stærðfræðileg hugtök sem meðal annars eru notuð í daglegu lífi og áhersla lögð á að hann tileinki sér aðferðir við lausn verkefna sem henta honum og að hann geti unnið að lausn verkefna einn og með öðrum. Áhersla verður einnig lögð á að efla rökhusun með því að takast á við hagnýt stærðfræðiverkefni sem byggja á raunverulegum dæmum úr lífi nemandans. Það verður meðal annars gert með mismunandi verkefnavinnu, m.a. í gegnum veraldarvefinn, tilboðsbæklinga og heimasíður verslana.

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

hvar og hvenær stærðfræði kemur við sögu í daglegu lífi
gildi peninga og fjölbreytileika verslana og netverslana
mikilvægi einfaldrar stærðfræði í öllu daglegu lífi

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

nýta sér stærðfræði kunnáttu sína í daglegu lífi
fylgja dagsskipulagi og tímaáætlun
beita undirstöðuatriðum talnareiknings

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

taka þátt í stærðfræðilegum athöfnum daglegs lífs
átta sig á tíma- og dagsetningum
yfirfært stærðfræði kunnáttu sína við innkaup
vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra með ýmis konar aðferðir í stærðfræði
skiptast á skoðunum við lausn fjölbreyttra verkefna
nýtt sér viðeigandi stuðningstæki þegar það á við

Námsgögn:

Allt með tölu eftir Sigurlaugu Kristmannsdóttur. Mál og menning 2011.
Upp á punkt eftir Kjartan Heiðberg. Iðnú 2009.
Einstaklingsmiðaðar kennslubækur teknar saman og samdar af kennara.
Kennsluvefurinn INNA notaður ásamt öðrum vefjum á netinu.
Heimaverkefni og aukaverkefni samin af kennara.

Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmats þátta:

Námsefni er einstaklingsmiðað og nemendur vinna eftir einstaklingsáætlun.

Yfirferð námsefnis fer þess vegna eftir getu hvers og eins.

Nemendur munu fylla út eigin einstaklingsáætlun um yfirferð og skrá þar einnig vinnu sína og verkefni.

Námsmat og vægi námsmats þátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþættir	Vægi	
Tímapróf	Þrjú tímapróf úr einstaklingsmiðaðri vinnubók nemenda (10%)	30%	
Heimaverkefni	Skil á tveimur einstaklingsmiðuðum heimaverkefnum (10%)	20%	
Sjálfsmat	Tvisvar á önn (5%)	10%	
Munnlegt mat	Einstaklings viðtal um stærðfræði efni sem nemendur velja.	10%	
Samvinnu- verkefni	Nemendur vinna saman 2 – 3 að tveimur verkefnum (10%)	20%	
Ástundun og virkni	Kennari metur í lok hvers tíma vinnuframlag nemenda	10%	
		Samtals:	100%
<u>Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.</u>			

Dagsetning: 16. ágúst 2021.


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils